Persónuverndarstefna

Félag lykilmanna

Almennt

Félagi lykilmanna, kt. 530412-0750, Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík[1], er annt um friðhelgi einstaklinga og tekur persónuvernd mjög alvarlega. Félag lykilmanna leggur mikla áherslu á að meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf.

Í þessari persónuverndaryfirlýsingu má sjá hvaða persónuupplýsingum Félag lykilmanna safnar um einstaklinga og í hvaða tilgangi. Þá má hér finna upplýsingar um aðra viðtakendur upplýsinganna og hvað þær eru geymdar lengi. Auk þess má hér finna upplýsingar um á hvaða grundvelli Félag lykilmanna safnar persónuupplýsingum, hvaða réttinda einstaklingar njóta og fleiri mikilvægar upplýsingar sem tengjast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (hér eftir persónuverndarlög).

Félag lykilmanna hefur skipað persónuverndarfulltrúa sem hefur það hlutverk að stuðla að því að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við persónuverndarlög og reglugerð. Persónuverndarfulltrúi sinnir einnig eftirliti með því að vinnsla félagsins á persónuverndargögnum fari fram á öruggan og gagnsæjan hátt og að skjöl og verklag félagsins séu reglulega uppfærð og endurskoðuð í samræmi við lagakröfur.

Hvað eru persónuupplýsingar og vinnsla persónuupplýsinga?

Með persónuupplýsingum er átt við allar upplýsingar sem hægt er að rekja til tiltekins einstaklings, svo sem upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang, netfang, símanúmer, fjárhag, IP tölu og fleira. Í 2. og 3. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er að finna nánari skilgreiningu á persónuupplýsingum.

Með viðkvæmum persónuupplýsingum er átt við persónuupplýsingar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt persónuverndarlögum s.s. upplýsingar um þjóðernisuppruna eða kynþátt, stjórnmála- og trúarskoðanir, stéttarfélagsaðild, erfðagögn, heilsu, kynlíf eða kynhneigð.

[1] Hér eftir ,,Félag lykilmanna“ eða ,,félagið“

Með vinnslu persónuupplýsinga er átt við alla meðferð og notkun persónuupplýsinga svo sem söfnun, skráningu, varðveislu, breytingu eða eyðingu. Í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er að finna nánari skilgreiningu á vinnslu persónuupplýsinga.

Hvernig vinnur Félag lykilmanna persónuupplýsingar?

Hjá Félagi lykilmanna fer vinnsla persónuupplýsinga fram á lögmætum grundvelli og í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Félagið gætir jafnframt að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar frekar á þann hátt að vinnslan sé ósamrýmanleg upprunalegum tilgangi vinnslunnar. Félagið leggur áherslu á gagnsæi í allri vinnslu persónuupplýsinga og getur ávallt sýnt fram á að vinnsla fari fram í samræmi við gildandi lög. Þetta felur meðal annars í sér að félagið skjalfestir vinnsluskrá, tryggir reglubundna endurskoðun og hefur virkt ferli til að meta áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga.

Félagið gætir að því að farið sé að eftirfarandi meginreglum:

1) Að persónuupplýsingar séu unnar með sanngjörnum hætti.
2) Að persónuupplýsingum sé einungis safnað í skýrum tilgangi.
3) Að ekki sé safnað meiri persónuupplýsingum en nauðsynlegt er.
4) Að persónuupplýsingar séu nákvæmar og uppfærðar þegar þörf krefur.
5) Að persónuupplýsingar séu ekki geymdar lengur en þörf er á.
6) Að gætt sé að öryggi persónuupplýsinga með viðeigandi varúðarráðstöfunum.

Sjálfvirk ákvarðanataka

Sjálfvirk ákvarðanataka er það ferli þegar tekin er ákvörðun með sjálfvirkum hætti án nokkurrar mannlegrar aðkomu. Slíkar ákvarðanir geta verið byggðar á persónusniðum, þ.e. þegar persónuupplýsingar eru notaðar til að meta ákveðna þætti er varða hagi einstaklings, einkum að greina eða spá fyrir um þætti er varða frammistöðu hans í starfi, fjárhagsstöðu, heilsu, o.fl. Dæmi um sjálfvirka ákvarðanatöku væri ef ákvörðun um lánveitingu í gegnum vefsíðu byggði eingöngu á lánshæfismati.
Ekki fer fram sjálfvirk ákvarðanataka við vinnslu persónuupplýsinga hjá Félagi lykilmanna.

Um hverja safnar Félag lykilmanna persónuupplýsingum?

Í starfsemi félagsins er nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga. Þær persónuupplýsingar sem félagið hefur undir höndum geta

verið um starfsmenn þess, félagsmenn, viðsemjendur og aðra þriðju aðila sem nauðsynlegt er að eiga samskipti við.

Hvaða persónuupplýsingum safnar Félag lykilmanna?

Félag lykilmanna safnar ólíkum persónuupplýsingum um mismunandi hópa einstaklinga eftir því hvaða starfsemi félagsins er um að ræða. Undir öllum kringumstæðum leitast félagið við að safna einungis þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar.

Félag lykilmanna safnar nauðsynlegum upplýsingum um starfsfólk, til dæmis upplýsingum um nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, viðveru, laun og fleira. Einnig þarf félagið að safna viðkvæmum persónuupplýsingum og öðrum upplýsingum sem teljast viðkvæms eðlis um starfsfólk, umsóknaraðila og félagsmenn. Hér má til dæmis nefna upplýsingar um heilsufar framangreindra hópa og stéttarfélagsaðild starfsfólks.

Félag lykilmanna safnar einkum eftirfarandi persónuupplýsingum um umsóknaraðila og félagsmenn:

Tölvupóstssamskipti

Þær upplýsingar sem safnað er þegar kemur að tölvupóstssamskiptum eru nafn, netfang og samskiptin sjálf.

Aðildarumsókn

Þær upplýsingar sem safnað er þegar sótt er um aðild að félaginu eru nafn, kennitala, netfang, símanúmer ásamt upplýsingum um menntun og starfsheiti. Þá er safnað upplýsingum um nafn og kennitölu vinnuveitanda umsækjanda ásamt nafni og netfangi launafulltrúa vinnuveitanda.

Skráning félagsmanns

Þær upplýsingar sem safnað er þegar félagsmaður er skráður í félagið eru nafn, kennitala, netfang, símanúmer ásamt upplýsingum um menntun og starfsheiti. Þá er við skráningu safnað upplýsingum um nafn og kennitölu vinnuveitanda umsækjanda ásamt nafni og netfangi launafulltrúa vinnuveitanda.

Skilagreinar

Þær upplýsingar sem safnað er við móttöku skilgreina frá launagreiðanda félagsmanns eru nafn, kennitala og fjárhæð iðgjalda.

Gjaldþrot vinnuveitanda

Til að veita félagsmanni aðstoð við að leita réttar síns við gjaldþrot vinnuveitanda safnar félagið upplýsingum um vinnuveitandann ásamt nafni, kennitölu og starfsheiti félagsmanns. Að auki safnar félagið upplýsingum úr ráðningarsamningi og af launaseðli félagsmanns.

Ágreiningur við vinnuveitanda

Til að veita félagsmanni aðstoð við að leita réttar síns vegna ágreinings við vinnuveitanda safnar félagið upplýsingum um ágreiningsefnið ásamt nafni og kennitölu félagsmanns. Að auki safnar félagið upplýsingum úr ráðningarsamningi og launaseðlum félagsmanns, o.fl.

Einnig þarf félagið að halda til haga nauðsynlegum tengiliðaupplýsingum, svo sem nafni og netfangi, um viðsemjendur og aðra þriðju aðila.

Félag lykilmanna vinnur ekki persónuupplýsingar um börn yngri en 18 ára.

Tilgangur með söfnun persónuupplýsinga

Tilgangurinn með söfnun upplýsinganna er að:

- Geta efnt samningsskyldu við starfsmenn, félagsmenn og viðsemjendur.
- Geta veitt félagsmönnum umsamda þjónustu.
- Gæta að lögmætum hagsmunum félagsins.
- Uppfylla lagaskyldu.

Lagagrundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga

Félag lykilmanna safnar og vinnur persónuupplýsingar á eftirfarandi lagagrundvelli:

- Til að uppfylla samningsskyldu eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður.
- Á grundvelli samþykkis einstaklinga.
- Til að uppfylla lagaskyldu.
- Til að gæta að lögmætum hagsmunum félagsins.

Hve lengi geymir Félag lykilmanna persónuupplýsingar um þig?

Félagið geymir persónuupplýsingar einungis í þann tíma sem nauðsynlegt er fyrir félagið að hafa þær undir höndum. Þegar ekki er þörf fyrir að hafa persónuupplýsingar undir höndum lengur eyðir félagið þeim með öruggum hætti.

Frá hverjum safnar Félag lykilmanna persónuupplýsingum?

Félag lykilmanna safnar að meginstefnu til persónuupplýsingum beint frá þeim einstaklingum sem um ræðir en styðst einnig við opinberar skrár og upplýsingar frá öðurm stjórnvöldum í vinnslu sinni.

Að auki þarf félagið við ákvörðun á bótarétti og bótafjárhæðum að afla persónuupplýsinga frá vátryggingafélögum, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins, skattayfirvöldum, lífeyrissjóðum, vinnuveitendum, læknum, sjúkrastofnunum og öðrum sem kunna að hafa með höndum upplýsingar um heilsufar félagsmanna. Þegar og ef upplýsingum er safnað frá öðrum þriðju aðilum reynir stofnunin eftir fremsta megni að upplýsa viðkomandi um það.

Hvenær miðlar Félag lykilmanna persónuupplýsingum til þriðju aðila og af hverju?

Í eftirfarandi tilvikum miðlar Félag lykilmanna persónuupplýsingum til þriðju aðila:

Aðildarumsókn

Berist félaginu undirrituð aðildarumsókn tekur aðild umsóknaraðila sjálfkrafa gildi í samræmi við reglur Félags lykilmanna.

Tilkynning til launagreiðanda

Við skráningu félagsmanns í félagið er send tilkynning til laungreiðanda hans til að launagreiðandinn geti staðið skil á iðgjöldum félagsmanns. Þá er launagreiðanda einnig send tilkynning um það ef félagsmaður er skráður úr félaginu.

Miðlun upplýsinga til vátryggingafélags

Í þeim tilvikum er félagsmaður gerir kröfu um bætur á hendur sjúkrasjóði FLM mun félagið senda afrit af undirritaðri inngöngubeiðni til þess vátryggingafélags sem Félag lykilmanna er með samning við á hverjum tíma svo vátryggingafélagið geti lagt mat á bótaskyldu.

Miðlun upplýsinga til kjarafulltrúa

Óski félagsmaður eftir að félagið veiti honum aðstoð við að leita réttar síns við gjaldþrot vinnuveitanda eru upplýsingar sendar til kjarafulltrúa.

Miðlun upplýsinga til lögmannsstofu

Óski félagsmaður eftir að félagið veiti honum aðstoð við að leita réttar síns vegna ágreinings við vinnuveitanda eru upplýsingar sendar til þeirrar lögmannsstofu sem Félag lykilmanna er með samning við á hverjum tíma.

Miðlun til verktaka o.fl.

Félag lykilmanna miðlar einnig persónuupplýsingum til þriðja aðila sem ráðnir eru af félaginu til að vinna fyrir fram ákveðna vinnu, svo sem þjónustuveitenda, umboðsmanna eða verktaka. Í þeim tilfellum gerir Félag lykilmanna vinnslusamning við viðkomandi aðila. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að fylgja fyrirmælum Félags lykilmanna um meðferð persónuupplýsinga og er honum óheimilt að nota þær í öðrum tilgangi. Jafnframt ber honum skylda til að tryggja öryggi upplýsinganna með viðeigandi hætti.

Í öðrum tilvikum getur einnig verið nauðsynlegt fyrir félagið að miðla persónuupplýsingum til þriðju aðila, til dæmis þegar skylda stendur til þess samkvæmt lögum.

Flutningur persónuupplýsinga út fyrir Evrópska efnahagssvæðið

Félagi lykilmanna er kunnugt um að ströng skilyrði gilda um flutning persónuupplýsinga til ríkja sem staðsett eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Félag lykilmanna gerir það ekki undir neinum kringumstæðum nema fullnægjandi heimild standi til þess samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Öryggi upplýsinganna

Félag lykilmanna leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra öryggisráðstafana til að tryggja öryggi persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Felur það meðal annars í sér að aðeins þeir starfsmenn hafa aðgang að persónuupplýsingum sem þess þurfa starfs síns vegna.

Auk þess stuðlar félagið að aukinni vitundarvakningu hjá starfsmönnum með reglulegri þjálfun og fræðslu um hvernig gæta skal að öryggi persónuupplýsinga.

Við val og hönnun tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana tekur félagið mið af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar, auk þeirrar áhættu sem vinnslan kann að hafa í för með sér fyrir réttindi og frelsi einstaklinga. Öryggisráðstafanir eru endurmetnar reglulega og uppfærðar eftir því sem við á hverju sinni.

Geymslutími

Félag lykilmanna geymir persónuupplýsingar aðeins svo lengi sem nauðsyn krefur í ljósi tilgangs vinnslunnar, lagaákvæða eða samningssambands við viðkomandi einstakling. Félagið fylgir meðalhófsreglu persónuverndarlaga og gætir þess að ekki sé haldið utan um persónuupplýsingar lengur en nauðsynlegt er. Að liðnum þeim tíma er nauðsyn krefur er persónuupplýsingum annað hvort eytt eða gerðar ópersónugreinanlegar þannig að ekki sé unnt að rekja þær til tiltekins einstaklings. Þegar lög eða reglur kveða á um skyldu til lengri geymslu, eru gögn varðveitt í samræmi við þá skyldu, en að þeim tíma loknum er þeim eytt með öruggum hætti. Félagið endurskoðar reglulega verklag sitt um geymslu og eyðingu gagna til að tryggja að vinnslan sé ávallt í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga, þ.m.t. meðalhóf, öryggi og gagnsæi.

Réttindi einstaklinga

Hafi einstaklingar veitt samþykki fyrir vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga eiga þeir rétt samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er. Sá réttur hefur þó ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem fram fór áður en samþykki var afturkallað. Þá njóta þeir einnig annarra réttinda, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá og réttar til að flytja eigin upplýsingar. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Samskiptaupplýsingar Félags lykilmanna

Nafn: Félag lykilmanna
Heimilisfang: Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík.
Netfang: flm@flm.is
Símanúmer: 527 0080

Persónuverndarfulltrúi

Hafi einstaklingar frekari spurningar um persónuverndaryfirlýsingu þessa geta þeir ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúann okkar. Þetta eru samskiptaupplýsingarnar hjá honum:

Nafn: Dattaca Labs Iceland ehf.
Netfang: dpo@dattacalabs.com.
Símanúmer: 517 3444

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá persónuvernd

Dragir þú í efa að Félag lykilmanna meðhöndli persónuupplýsingar þínar í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 hefur þú rétt til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd (www.personuvernd.is).

Endurskoðun á þessari persónuverndaryfirlýsingu

Persónuverndaryfirlýsing þessi getur frá einum tíma til annars tekið breytingum í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum og reglugerðum eða ef breytingar verða gerðar á því hvernig Félag lykilmanna vinnur með persónuupplýsingar. Verði breytingar gerðar á persónuverndaryfirlýsingu þessari verður tilkynnt um slíkt á heimasíðu félagsins https://www.flm.is/

Eftir að breytingar hafa verið gerðar á persónuverndaryfirlýsingu taka þær gildi þegar uppfærð útgáfa hefur verið birt.

Síðast uppfært í mars 2026